

EFTIRLITSSKÝRSLA

UOS-3412

Rekstraraðili Háafell ehf. kt: 5201993149	Tegund starfsemi Eldi sjávar- og ferskvatnslífvera	Starfsleyfisnúmer: UST-2019-L001-01 Gildistími starfsleyfis 31.1.2035
Starfsstöð Seiðaeldisstöð Nauteyri	Tegund eftirlits Reglubundið eftirlit	Dagsetning eftirlits 15. júní 2026
Starfstöðvarnúmer: ET-0254	Eftirlitsmaður Kjartan Guðmundsson	Útgáfudagur skýrslu 24. ágúst 2026

Tengiliðir

Tengiliður	Titill
Ingibjörg Kristjánsdóttir	Gæðastjóri
Gauti Geirsson	Rekstrarstjóri
Nino Aludauri-Guzek	Stöðvarstjóri

Niðurstaða eftirlits

Við eftirlit komu fram tvö ný frávik er varða 1. Vöktunaráætlunin er fallin úr gildi og þarf að endurnýja. 2. Olíugeymar á lóð rekstraraðila eru ekki búnir árekstrarvörnum. Ein ábending var sett fram er snýr að umgengi á svæðinu. Rekstraraðili brást við í kjölfar eftirlits og skilaði drögum að vöktunaráætlun og kom upp árekstrarvörnum við olíugeyma.

Umfang eftirlits

Fram fór reglubundið eftirlit með vettvangsheimsókn í seiðaeldi Háafells ehf. á Nauteyri þann 15. júní 2026. Háafell ehf. er með starfsleyfi fyrir eldi á laxa- og regnbogasilungaseiðum á Nauteyri með hámarksársframleiðslu 800 tonn.

Dagskrá eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Staða frá síðasta eftirliti
2. Umfang
3. Ársyfirlit og umhverfisupplýsingar
4. Áætlanir og viðbrögð
5. Vettvangsskoðun

1. Við síðasta eftirlit 8. desember 2025 var skráð eitt frávik vegna þess að ársyfirliti fyrir árið 2024 var skilað seint. Frávikinu hefur verið lokað. Engin eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram.
2. Heildarframleiðsla ársins 2025 var 198 tonn og var fóðurnotkun 197 tonn.
3. Ársyfirliti og umhverfisupplýsingum fyrir árið 2025 var skilað 29. apríl 2026. Samkvæmt ársyfirliti var losun fosfórs 7,96 kg/tonn sem er innan heimilda í starfsleyfi. Ein kvörtun var skráð á árinu 2025 vegna atviks á Nauteyri, en þá var kveikt í timbri. Málinu hefur verið vísað til Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða.
4. Tryggingar, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda eru fullnægjandi og uppfærðar. Fyrri vöktunaráætlun (2018-2025) fyrir starfsstöðina er fallin úr gildi og þarf að endurnýja. Rekstraraðili skal leggja fram nýja vöktunaráætlun til samþykktar hjá Umhverfis- og orkustofnun.
5. Farið var í skoðunarferð um fiskeldisstöðina á Nauteyri. Skoðaðar voru strokvarnir, settjörn, frárennsli, olíugeymar og varaafsstöð ásamt almennri umgengni á svæðinu. Sett var frávik vegna þess að árekstrarvarnir vantar á tvo olíugeyma sem eru staðsettir innan akstursleiða. Á svæðinu er nokkuð af byggingarefni og úrgangi sem rekstraraðili þarf að ganga frá.

Ábendingar

Rekstraraðila er bent á að í gr. 2.3 í starfsleyfi er skýr krafa um að rekstrarsvæði sé haldið snyrtilegu. Vegna nýlegra framkvæmda við seiðaeldisstöðina er ýmiss búnaður og úrgangur á lóð rekstraraðila sem þarf að ganga frá.

Staða Frávika

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
gr 5.1 í starfsleyfi	Frávik skráð: 16. júní 2026 Vöktunaráætlun sem rekstraraðili leggur fram og Umhverfis- og orkustofnun samþykkir, skal vera í gildi. <i>Vöktunaráætlun (2018-2025) fyrir starfsstöðina er fallin úr gildi og þarf að endurnýja. Rekstraraðili skal leggja fram nýja vöktunaráætlun til samþykktar hjá Umhverfis- og orkustofnun.</i>	Opið
gr. 41 og 42 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.	Frávik skráð: 16. júní 2026 Ofanjarðarolíugeymar skulu staðsettir utan akstursleiða. Ef því er ekki við komið skulu þeir búnir árekstrarvörnum. <i>Tveir olíugeymar á lóðinni (neyslugeymir og húsgeymir) eru ekki búnir árekstrarvörnum.</i>	Lokað

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit Umhverfis- og orkustofnunar er framkvæmt með vísan til 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Að loknu eftirliti eru gefin út drög að eftirlitsskýrslu og hefur rekstraraðili tvær vikur frá birtingu þeirra til að koma á framfæri athugasemdum. Að þeim fresti liðnum er gefin út lokaskýrsla.

Rekstraraðili hefur þrjár vikur frá dagsetningu lokaskýrslu til að skila inn úrbótaáætlun, sbr. 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Athygli er vakin á heimild Umhverfis- og orkustofnunar til beitingar þvingunarúrræða skv. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. einni XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfis- og orkustofnun innheimtir gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 22. gr., sbr. og 1. gr. gjaldskrár nr. 1033/2025.